

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 6/2017

2018/EES/78/06

frá 3. febrúar 2017

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1768 frá 4. október 2016 um leyfi fyrir gúanídínedíksýru sem fóðurukefni fyrir eldiskjúklinga, fráfarugrís og eldissvín og um niðurfellingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 904/2009 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1833 frá 17. október 2016 um leyfi fyrir blöndu með lektínum úr nýrnabaunum (lektín úr *Phaseolus vulgaris*) sem fóðurukefni fyrir mjólkurgrísi (leyfishafi er Biolek Sp. z o.o.) ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1881 frá 24. október 2016 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 837/2012 að því er varðar lágmarksvirkni 6-fýtasa, sem er framleiddur með *Aspergillus oryzae* (DSM 22594), sem fóðurukefni fyrir gyltur (leyfishafi er DSM Nutritional Products) ⁽³⁾.
- 4) Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/1768 fellir úr gildi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 904/2009 ⁽⁴⁾, sem hefur verið felld inn í EES-samninginn og ber því að fella gerðina brott úr samningnum.
- 5) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um matvæli. Ákvæði löggjafar um fóður skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 6) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

I. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á II. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 55. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 837/2012):
„– **32016 R 1881:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1881 frá 24. október 2016 (Stjútíð. ESB L 289, 25.10.2016, bls. 15).“
2. Eftirfarandi liðir bætast við á eftir 174. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1220):
„175. **32016 R 1768:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1768 frá 4. október 2016 um leyfi fyrir gúanídínedíksýru sem fóðurukefni fyrir eldiskjúklinga, fráfarugrís og eldissvín og um niðurfellingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 904/2009 (Stjútíð. ESB L 270, 5.10.2016, bls. 4).

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 270, 5.10.2016, bls. 4.

⁽²⁾ Stjútíð. ESB L 280, 18.10.2016, bls. 19.

⁽³⁾ Stjútíð. ESB L 289, 25.10.2016, bls. 15.

⁽⁴⁾ Stjútíð. ESB L 256, 29.9.2009, bls. 28.

176. **32016 R 1833**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1833 frá 17. október 2016 um leyfi fyrir blöndu með lektínum úr nýrnabaunum (lektín úr *Phaseolus vulgaris*) sem fóðuraufefni fyrir mjólkurgrísi (leyfishafi er Biolek Sp. z o.o.)(Stjútíð. ESB L 280, 18.10.2016, p. 19).“

3. Texti liðar 1zzzzzo (reglugerð framkvæmdarstjórnarinnar (EB) nr. 904/2009) fellur brott.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerða (ESB) 2016/1768, (ESB) 2016/1833 og (ESB) 2016/1881, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 4. febrúar 2017, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 3. febrúar 2017.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.